

7.fundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn mánudaginn 13.ágúst 2018 kl. 17:00 á skrifstofuhreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpa Vík. Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði var í síma.

### **Dagskrá:**

1. Fundargerð skólanefndar,...ákvarðanir og umræður. Hugmyndir að starfi við breyttar aðstæður.
  2. Fundargerð byggingarnefndar lögð fram til kynningar og umræðu.
  3. Samþykkt um stjórn Árneshrepps, lesa yfir og taka með pappíra frá síðasta fundi. Lagt fram til umræðu og samþykktar.
  4. Björgunarstigir fyrir skóla og íbúð 3 í Kaupfélagshúsi, upplýsingar frá söluaðila, o.fl. Einnig fyrstu skref í viðhalds- og öryggismálum Finnbogastaðaskóla.
  5. Kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga, umræða og fleira.
  6. Póstur frá Heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða og niðurstöður úr sýnatöku.
  7. Leiðrétting á lið 3. frá síðasta hreppsnefndafundi.
  8. Úrskurður Dómsmálaráðuneytis varðandi sveitarstjórnarkosningar.
- 
1. Sagt frá fundi varðandi framtíð Finnbogastaðaskóla og verður haldið áfram að vinna að því máli. Næsti fundur varðandi málið verður haldinn í september.
  2. Fundargerð Byggingarnefndar lögð fram og samþykkt.
  3. Samþykkt um stjórn Árneshrepps rædd og ákveðið að taka eina viku í yfirlestur og síðan verður samþykktin send ráðuneytinu til umsagnar.
  4. Björgunarstigir fyrir skóla og íbúð 3. Ákveðið var að tala við Jón Eiríksson og biðja hann að setja upp stiga, breyta glugga í skóla og fleira tilfallandi.
  5. Kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga, oddviti upplýsti að sent verður bréf til Jöfnunarsjóðs til að fá fjárstyrk vegna þessa.

6. Póstur frá Heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða. Ákveðið að biðja Þórólf Guðfinnsson að taka að sér að skoða geislunartæki í skólanum.

178.

7. Leiðrétting á lið 3. frá síðasta hreppsnefndarfundum. Hún á að vera sem hér segir; „Þóknunir og rekstrarkostnaður. Ákveðið var að hækka laun oddvita um 6%; 4% vegna prófs úr verslunardeild og 2% hækkun vegna starfsreynslu. Þóknun fyrir fundarsetur verður kr. 8.000,- ..“

8. Úrskurður Dómsmálaráðuneytis varðandi sveitarstjórnarkosningar lagður fram til kynningar.

9. Samþykkt var að taka fyrir leitarþaga haustsins og voru eftirfarandi dagar ákveðnir: Fyrri leitar 14. og 15. september Melarétt, og Kjósarrétt 22. september 2018.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:40